

Menntaáætlun Nordplus 2012

Auglýst eftir styrkjum til menntasamvinnu á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum

Norræna ráðherranefndin hefur opnað fyrir Nordplus menntaáætlunina 2012-2016. Markmið Nordplus er að stuðla að gæðum og nýsköpun í menntakerfum Norðurlanda og Eystrasaltslanda með styrkjum til ýmiskonar samstarfsverkefna, samstarfsneta og heimsókna. Allt samstarf skal byggt á yfirlýstri samvinnu menntastofnana og/eða annarra þátttakenda. Heildarfjármagn menntaáætlunar Nordplus starfsárið 2012 er u.þ.b. 9 milljónir evra.

Menntaáætlun Nordplus samanstendur af fimm undiráætlunum. Umsóknir í áætlunina skulu vera í takt við almenn markmið Nordplus ásamt því að falla vel að einni undiráætlun.

Nordplus Junior

- Styrkir samvinnu leik-, grunn- og framhaldsskóla í þáttökulöndum í gegnum skólaheimsóknir, verkefni og samstarfsnet.
- Stuðlar að gæðum, nýsköpun og hugviti í menntun og styrkir samvinnu á milli skóla og atvinnulífs.
- Styrkir skólaheimsóknir sem miða að aukinni þekkingu á norrænum tungumálum

Nordplus fyrir háskólastigið

- Stuðlar að samvinnu á milli skóla á háskólastigi í þáttökulöndunum og að stofnun samstarfsneta sem starfa að nemenda- og kennaraskiptum. Einnig er lögð áhersla á upplýsingar um reynslu, góð vinnubrögð og frumlegar niðurstöður.
- Stuðlar jafnframt að samvinnu á milli skóla á háskólastigi og annarra stofnana og félagasamtaka sem starfa á sviði háskólamenntunar, sérstaklega er varðar samstarf á milli menntunar og atvinnulífs.

Nordplus Voksen

- Styrkir samvinnu og samstarfsnet þeirra sem vinna að fullorðinsfræðslu (t.a.m. fullorðinsfræðslustofnana auk fyrirtækja, frjálsra félagasamtaka og annarra stofnana).
- Styrkir námsferðir og verkefni sem miða að auknum gæðum, þróun og nýsköpun á öllum sviðum fullorðinsfræðslu

Nordplus Horizontal

- Styrkja samstarfsverkefni og samstarfsnet sem stuðla að samvinnu á milli sviða menntageirans.
- Stuðlar að auknu samstarfi við aðila utan hefðbundinna menntastofnana, bæði opinberra stofnana og einkaaðila.

Nordplus tungumálaáætlunin (ath. töluverðar breytingar á áætluninni)

- Styður verkefni sem auka skilning og þekkingu á norrænum tungumálum (einkum dönsku, norsku og sænsku)
- Styrkir þróun námsefnis, kennsluáferða og áætlana sem miða að þekkingu á norrænum tungumálum á öllum menntastigum.

Nánari upplýsingar ásamt skráningu á póstlista má finna á heimasíðu Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, landskrifstofu Nordplus: www.nordplus.is

Umsóknarfrestur í öllum hlutum Menntaáætlunar Nordplus er 1. mars 2012

Öllum umsóknum verður að skila rafrænt í gegnum umsóknarkerfið ARS á slóðinni:
<http://ars.norden.org>

Leiðbeiningar og frekari upplýsingar á www.nordplusonline.org